

Dómsorð:

Stefndi, Einar Eysteinnsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 6. maí 1968.

Nr. 80/1967. **Flugsýn h/f** (Árni Halldórsson hrl.)
 gegn
Flugtækni h/f (Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám fellt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og að úr gildi verði fellt fjárnám það, sem gert var í flugvélinni TF-BAD 28. október 1966. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og fyrirsvarsmenn aðilja hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur um málsatvik.

Frankvæmdastjóri áfrýjanda, Ragnar Jón Magnússon, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að um nokkurt skeið hafi

áfrýjandi haft á hendi afgreiðslu fyrir Eyjaflug h/f hér í Reykjavík. Bókhald og fjárvarzla félaganna hafi þó verið algerlega sundurgreind og áfrýjandi hafi aldrei lagt út fé fyrir Eyjaflug h/f. Síðar hafi þessum málum verið þannig fyrir komið, að Eyjaflug h/f hafi haft starfsmenn hér í Reykjavík til að sjá um hag þess félags hér, en menn þessir hafi haft starfsaðstöðu á skrifstofum áfrýjanda. Framkvæmdastjórinn kvaðst yfirleitt sjálfur hafa beðið um viðgerðir á flugvél Eyjaflugs h/f, en fyrirsvarsmönnum stefnda hafi verið fullkunnugt um samband félaga þessara. Framkvæmdastjóri stefnda, Lárus Geisli Gunnarsson, hefur skýrt svo frá, að honum hafi verið kunnugt um, að fulltrúar frá báðum félögunum, áfrýjanda og Eyjaflugi h/f, hafi starfað við sama borð og „haft sitt hvorn sjóðinn“. Gjaldkeri stefnda, Stefán Ólafsson, kveður sér hafa verið kunnugt um, að flugvélin TF-EVM, sem um er fjallað í máli þessu, hafi verið eign Eyjaflugs h/f. Þá hafi viðgerðarreikningar þeir, sem hér er um að tefla, verið upphaflega stílaðir á Eyjaflug h/f að beiðni framkvæmdastjóra áfrýjanda.

Svo sem að framan er getið, var flugvél sú, TF-EVM, sem um ræðir í máli þessu, eign Eyjaflugs h/f, og var fyrirsvarsmönnum stefnda um það kunnugt. Þá voru viðgerðarreikningar þeir, sem um er að tefla í málinu, upphaflega stílaðir á það fyrirtæki eingöngu, enda verður helzt ráðið af gögnum málsins, að reikningana hafi átt að greiða með vixli, er Eyjaflug h/f skyldi samþykkja. Gegn andmælum fyrirsvarsmanna áfrýjanda hefur stefndi ekki sannað, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að greiða reikninga þessa né að hann hafi mátt treysta því, að áfrýjandi greiddi þá. Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir þessum málsúrslitum ber að fella úr gildi fjárnám það, er stefndi lét gera 28. október 1966 í flugvél áfrýjanda, TF-BAD, til tryggingar kröfu þessari.

Áfrýjandi sótti eigi þing í máli þessu í héraði. Ber því að dæma hann til að greiða stefnda málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Flugsýn h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Flugtækni h/f, í máli þessu.

Hið áfrýjaða fjárnám er felld úr gildi.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Flugtækni h/f, Reykjavíkurflugvelli, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 31. ágúst 1966, gegn Flugsýn h/f, Reykjavíkurflugvelli, og Eyjaflugi h/f, Vestmannaeyjum, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna vinnu við viðgerð og skoðun á flugvélinni TF-EVM, eign Eyjaflugs h/f, sem hafi verið framkvæmd í marz s.l. samkvæmt beiðni Flugsýnar h/f, er þá hafi séð um viðgerðarþjónustu o. fl. á TF-EVM-flugvélinni, sbr. sundurliðaða reikninga, sem málinu fylgi. Hafi stefnandi treyst því, að stefndi, Flugsýn h/f, sem beiðir hafi um viðgerðina, greiddi sjálfur fyrir verkið, en báðir stefndu hafi neitað að greiða, er til kom, þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.200.00.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Flugsýn h/f og Eyjaflug h/f, greiði in solidum stefnanda, Flugtækni h/f, kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 5.200.00 í málskostnað

innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 28. október 1966.

Ár 1966, föstudaginn 28. október, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Reykjavíkurflugvelli (flugskýli Flugsýnar h/f) og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Hauki Davíðssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-2158/1966: Flugtækni h/f gegn Flugsýn h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 930/1966. Nr. 1 og 2 fylgja með í endurriti, svohljóðandi.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Þorsteinn Geirsson lögfræðingur vegna Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 27.283.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags, kr. 5.200.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarpóla mætir Jón Magnússon, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarpóla í flugvél (TF-BAD), sem er fyrir utan flugskýli Flugsýnar h/f á Reykjavíkurflugvelli. Fallið er frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarpóla frá fjárnáminu.